

Orð ársins 2018

Á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er textum safnað og þeir notaðir í rannsóknum á máli og málfræði og við þróun máltæknibúnaðar. Við val á orði ársins 2018 byggði stofnunin á upplýsingum í þessum textasöfnum um notkun orðanna. Orðin sem komu til greina þurftu að hafa verið notuð meira á árinu en undanfarin ár en að auki að uppfylla einhver af eftirfarandi skilyrðum:

- Þau eru ný í málinu eða gömul orð sem fengið hafa nýja merkingu
- Þau segja okkur eitthvað um samtímann eða samfélagsumræðuna
- Þau hafa möguleika á að lifa áfram í daglegri notkun eða sem minnisvarði um atburði sem áttu sér stað á árinu
- Þau eru lýsandi fyrir málnotkun, annaðhvort almennt eða á tilteknu sviði



Kallaðir voru fram listar úr gagnasöfnum yfir orð sem uppfylltu þessi skilyrði. Þau voru skoðuð betur og búinn til tólf orða listi, með skýringum, sem hefur verið birtur á vef Árnastofnunar.

1. Bálkakeðja
2. Borgarlína
3. Dagskrárvald
4. Dúnmelur
5. Gámagrams
6. Ketó
7. Kraftbjór
8. Plokka¹
9. Pokastöð
10. Skjáfíkn
11. Vefkaka
12. Viðreynsla



Plokk á Íslandi²

Sagnorðið **plokka** var valið úr þessum lista sem orð ársins 2018. Það fellur vel að öllum viðmiðum um orð ársins. Þetta er gamalt orð sem fengið hefur nýja merkingu en er um leið tökuorð úr erlendu máli. Þeir sem **plokka** tína upp rusl meðan skokkað er eða gengið. Þannig sameinar fólk áhuga á umhverfisvernd og heilsusamlegu lífni.

Að plokka snýst um að tína upp rusl á förunum vegi á meðan gengið er eða skokkað. Farið út að skokka og tínið upp rusl í sömu ferð!

Plokk í níu nettum skrefum

- Klæða sig eftir veðri
- Velja góða skó sem hæfa aðstæðum
- Hanska sem hæfa aðstæðum
- Finna sér „plokku“ eða tínu
- Finna sér poka, helst glæra, eða flokka plast sér og pappa sér
- Velja svæði og fara af stað
- Vista sorpið á viðeigandi stöðum
- Deila myndunum á samfélagsmiðlum með myllumerkinu #plokk19, #plokkaislandi og #hreinsumisland
- Láta sér líða vel í hjartanu og hugsa um næsta plokk

¹ Plokk komst í hámmæli á fyrri hluta ársins 2018 og var mikið iðkað um sumarið. Á Facebook var stofnaður hópurinn „Plokk á Íslandi“ þar sem meðlimir deila myndum og sögum úr plokkinu.

² Sorpa tekur plokkurum fagnandi en hvetur þá til að flokka ruslið, sérstaklega plastið, og setja í glæra poka Plokkarar eru hvattir til að tæma úr pokunum á endurvinnslustöð og nota svo pokana aftur undir meira plokk.